

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Jóhanns Péturs Sveinssonar.

1. gr.

Minningarsjóður Jóhanns Péturs Sveinssonar er stofnaður að frumkvæði ekkju hans, Jóninnu Hörpu Ingólfssdóttur og Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er fyrst og fremst tvíþættur; a) að styrkja hreyfihamlaða einstaklinga til náms og b) að styrkja einstök málefni með aðgengi í huga fyrir hreyfihamlaða.

- A. Sjóðurinn getur styrkt hreyfihamlaða einstaklinga til náms með ýmsu móti s.s. með framlögum í reiðufé, með tækjakaupum, ferðastyrkjum o.s.frv.
- B. Sjóðurinn getur styrkt einstök málefni varðandi aðgengi t.d. með framlögum í reiðufé, með tækjakaupum, með því að láta framkvæma einstök verkefni, með efniskaupum o.s.frv.

Við úthlutanir úr sjóðnum skal stjórnin forðast að fara inn á svið m.a. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, Framkvæmdasjóðs fatlaðra og annarra opinberra aðila.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins eru gjafir til minningar um Jóhann Pétur samtals í dag að fjárhæð kr. 1.640.280.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru gjafir til minningar um Jóhann Pétur Sveinsson og önnur framlög. Stjórn sjóðsins er einnig heimilt að standa að tekjuöflun í nafni sjóðsins og er í því sambandi heimilt að greiða úr sjóðnum kostnað vegna tekjuöflunar, þ.m.t. auglýsingar.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins, auk verðbóta, má ekki skerða, en vöxtum, gjöfum, áheitum og öðrum tekjum sem sjóðnum kann að áskotnast, skal varið í samræmi við tilgang sjóðsins sbr. 2. gr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn og fimm til vara. Ekkja Jóhanns Péturs og erfingjar skulu tilnefna þrjá menn til 2ja ára í senn en tveir skulu kosnir af sambandsstjórn Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, fyrst 1995 og síðan á þingi Sjálfsbjargar á 2ja ára fresti, fyrst 1996. Varamenn skulu tilnefndir og kosnir á sama hátt.

Stjórnin skal skipta með sér verkum á fyrsta fundi. Skrá skal í fundargerðarbók það helsta sem gerist á fundum stjórnar.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal ávaxta fé sjóðsins á sem hagkvæmastan hátt. Stjórnin ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins og hefur æðsta vald í málefnum hans. Heimilt er stjórninni að fela verðbréfasjóði ávöxtun sjóðsins og daglega umsjón.

8. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir styrki úr sjóðnum að jafnaði einu sinni á ári í blaði/fréttabréfi Sjálfsbjargar og skal auglýsingin vera sjóðnum að kostnaðarlausu. Einnig er heimilt að auglýsa eftir umsóknum í a.m.k. einu dagblaði. Heimilt er stjórninni að hafna öllum umsóknum. Einnig er stjórn sjóðsins heimilt að hætta auglýsingum um styrki í 2-3 ár í senn sé það gert til þess að styrkja sjóðinn.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga sjóðsins skal endurskoða af tveim skoðunarmönnum. Skal annar tilnefndur af ekkju eða erfingjum Jóhanns Péturs til tveggja ára í senn en hinn kosinn á þingi Sjálfsbjargar til sama tíma. Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram á þingi Sjálfsbjargar.

10. gr.

Skipulagsskrá sjóðsins verður ekki breytt né sjóðurinn lagður niður nema með samþykki a.m.k. fjögurra stjórnarmanna. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. september 1995.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

AUGLÝSING

**um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við sameiningu
Keflavíkurkaupstaðar, Njarðvíkurkaupstaðar og Hafnahrepps.**

1. gr.

Nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Reykjanesbær.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 26. september 1995.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.